



# UNGA FÓLKID OG GÖMLU MEISTARARNIR

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna og  
Kammerkórs Seltjarnarneskirkju í samvinnu við  
Nótuna 2019, uppskeruhátíð tónlistarskólanna

í Seltjarnarneskirkju

laugardaginn 30. nóvember 2019, kl. 16:00

## Stjórnendur:

Oliver Kentish og Friðrik Vignir Stefánsson

## Einleikarar:

Eyrún Huld Ingvarsdóttir og Þórunn Sveinsdóttir



Eyrún Huld



Þórunn

## Einleikarar:

Heiðís Hanna Sigurðardóttir sópran, Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir sópran,  
Þóra H. Passauer alt, Þorsteinn Freyr Sigurðsson tenór,  
Marteinn Snævarr Sigurðsson tenór og Árni Gunnarsson bassi



Heiðís Hanna



Ragnhildur Dóra




Þóra H.



Þorsteinn Freyr



Árni



Marteinn Snævarr



Friðrik Vignir



Oliver Kentish

---

## Efnisskrá

**Antonio Vivaldi:** Fiðlukonsert op. 3 nr. 6 í a-moll  
Allegro (moderato e deciso)  
Largo  
Presto

**Wolfgang Amadeus Mozart:** Konsert í G-dúr fyrir fiðlu og hljómsveit, KV216  
Allegro  
Adagio  
Allegro

*- Hlé -*

**Johann Sebastian Bach:** Magnificat í D-dúr, BWV 243a

1. Magnificat (kór)
2. Et exsultavit spiritus meus (aría, sópran 2)  
A. Vom Himmel hoch (kór)
3. Quia respexit humilitatem (aría, sópran 1)
4. Omnes generationes (kór)
5. Quia fecit mihi magna (aría, bassi)  
B. Freut euch und jubiliert (sópran 1 og 2, kontraalt, tenór)
6. Et misericordia (dúett, alt, tenór)
7. Fecit potentiam (kór)  
C. Gloria in excelsis Deo (kór)
8. Deposuit potentes (aría, tenór)
9. Esurientes implevit bonis (aría, alt)  
D. Virga Jesse floruit (sópran, bassi)
10. Suscepit Israel (terzett, sópran 1 og 2, alt)
11. Sicut locutus est (kór)
12. Gloria Patri (kór)

---

## Um tónskáld, tónverk og flytjendur



**Antonio Vivaldi (1678-1741)** var einn merkasti tónlistarmaður síns tíma, bæði sem tónskáld og fiðluleikari í Markúsarkirkjunni í Feneýjum. Í hlutastarfi varði hann líka umtalsverðum tíma við kennslu á munaðarleysingjahæli fyrir stúlkur þar sem stunduð var metnaðarfull kennsla og tónlistarflutningur. Þar stjórnaði hann hljómsveit og kór og samdi tónlist fyrir stúlkurnar. Tónleikar þeirra þóttu tíðindum sæta í Feneýjum. Eftir Vivaldi liggur urmull strengjaverka og konserta. Þekktastir þeirra eru Árstíðirnar og svo a-moll fiðlukonsertinn sem hér verður fluttur. Flestir fiðlunemendur fá tækifæri til að takast á við þennan vinsæla konsert. Mörgum er í fersku minni þegar Sinfóníuhljómsveit áhugamanna flutti þennan konsert á 10 ára afmælistónleikum sínum í Háskólabíói árið 2000. Einleikarar voru þá 74 ungir fiðlunemendur sem fylltu svið Háskólabíós.



**Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791)** var ákaflega afkastamikill tónskáld. Þrátt fyrir stutta ævi liggja eftir hann um 600 skráð tónverk af ýmsum gerðum, löng og stutt. Þar á meðal eru fimm einleikskonsertar fyrir fiðlu og hljómsveit sem hann samdi á unglingsárum. Til viðbótar koma tveir fiðlukonsertar sem einhver vafi leikur á um höfund. Konsertana samdi hann sennilega fyrst og fremst til eigin nota, enda var hann afbragðs fiðluleikari og naut enn talsverðrar

frægðar sem undrabarn þegar hér var komið sögu. Konsertinn sem nú verður fluttur er talinn númer 3 í röðinni og var saminn árið 1775. Það ár samdi hann að minnsta kosti þrjú önnur verk af sama tagi. Í bréfi til föður síns lýsir tónskáldið flutningi verksins á óformlegum tónleikum í munkaklaustri nálægt Augsburg: “ Meðan á máltíðinni stóð var leikin tónlist. ... Ég lék Strassborgarkonsertinn minn, sem gekk eins og smurt. Allir hrósuðu mér fyrir fallegan og tæran tón.” Nafnið á konsertinum dregur hann af laglínu sem kemur fyrir í síðasta kaflanum og er tekin úr vinsælu dægurlagi með nafninu “Strassborgarinn”.

**NÓTAN - uppskeruhátíð tónlistarskóla** - var haldin í tíunda sinn vorið 2019. Markmið Nótunnar eru meðal annars að styrkja ungt tónlistarfólk til listsköpunar, og efla listir, menntun og menningu í samfélaginu. Það er gert meðal annars með því að veita tónlistarnemendum viðurkenningu fyrir afrakstur vinnu sinnar og frammistöðu. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna gekk til samstarfs við Nótuna 2016 með því að gefa ungunum tónlistarmönnum, þátttakendum í uppskeruhátíðinni tækifæri til að leika einleik með hljómsveitinni. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna þakkar aðstandendum Nótunnar ánægjulega samvinnu og óskar unga tónlistarfólkinu gæfu á tónlistarbrautinni. Að þessu sinni urðu fyrir valinu fiðluleikararnir Eyrún Huld Ingvarsdóttir frá Tónlistarskóla Árnesinga, og Þórunn Sveinsdóttir frá Allegro, Suzukitónlistarskólanum, báðar tólf ára gamlar.



### **Eyrún Huld Ingvarsdóttir**

leikur Fiðlukonsert Vivaldis í a-moll með hljómsveitinni. Eyrún Huld býr á bænum Þrándarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Hún hefur lært á

fiðlu í Tónlistarskóla Árneseinga frá 4 ára aldri, að mestu eftir Suzukiaðferðinni, undir handleiðslu Guðmundar Pálssonar. Hún hefur margoft komið fram á tónleikum á vegum Tónlistarskólans og við ýmis tækifæri í sinni heimasveit, svo sem á samkomum hjá kvenfélaginu, eldri borgurum, í kirkjunni og á 17. júní hátíðarhöldum. Eyrún Huld lauk grunnprófi vorið 2018 og stefnir á 4. stigs próf næsta vor, 2020.



**Þórunn Sveinsdóttir** leikur Konsert Mozarts í G-dúr KV216 með hljómsveitinni. Þórunn hóf nám á fiðlu fjögurra og hálfis árs gömul hjá Lilju Hjaltadóttur við Allegro Suzukitónlistarskólann. Hún lauk miðprófi í fiðluleik vorið

2019. Þórunn vann þriðju verðlaun í sínum flokki í F. Janiewicz fiðlukeppninni á árinu 2018 og var fulltrúi Allegro Suzukitónlistarskólans í Nótunni 2019 þar sem hún fékk sérstaka viðurkenningu fyrir atriði sitt. Þórunn á sér margar fyrirmyndir en hennar uppáhalds fiðluleikari er Janine Jansen frá Hollandi.



### **Johann Sebastian Bach (1685-1750).**

Magnificat Bachs er til í nokkrum gerðum. Upphaflega var verkið samið í Es-dúr og var flutt fyrst 1723. Bach var þá nýráðinn kantor

við Tómasarkirkjuna í Leipzig, sem var eftirsótt staða. Stöðunni fylgdi kennsluskylda auk þess að leika á orgel kirkjunnar, þjálfra kór og semja tónlist til flutnings í lúterskum kirkjum borgarinnar. Bach lá á að sýna að hann gæti samið stór trúarleg verk. Verkið er að formi til eins konar millistig milli kantötu og stóru óratorianna og passíanna sem á eftir komu. Að lengd er verkið svipað sumum kantötunum sem Bach hafði áður samið svo tugum skipti, en kaflarnir eru fleiri, og þar með styttri. Næstu árin á eftir var bætt inn í verkið nokkrum þekktum jólasálmum og þannig flutt aðallega kringum jól. Árið 1733 skrifaði Bach nýja gerð verksins og færði það niður um hálfstón, að sögn til að auðvelda trompetleik, því trompetar í Saxlandi voru D-hljóðfæri. Þessi gerð verksins er nú á dögum sú sem oftast er flutt, og þá án jólasálmanna. Magnificat er samið fyrir fimm radda kór, fimm einsöngvara og óvenju stóra hljómsveit miðað við það sem tíðkaðist, tvær flautur, tvö óbó, þrjá trompeta, pákur, strengja-sveit og fylgibassa (orgel, selló, fagott, kontrabassa). Texti verksins er á latínu og er tekinn upp úr Lúkasarguðspjalli biblíunnar, vers 1:46-55. Við fluttum hina hefðbundnu útgáfu verksins í mars síðastliðnum. Nú ætlum við hins vegar að flytja það aftur og bæta við jólasálmunum (A, B, C og D) í tilefni aðventunnar sem byrjar á morgun.

## Lofsöngur Maríu (Lúkas 1:46-55)

1. Et ait Maria: Magnificat anima mea Dominum:  
*Og María sagði: Önd mín miklar Drottin*

2. et exsultavit spiritus meus in Deo salutari meo.  
*og andi minn gleðst í Guði, frelsara mínum.*

A. Vom Himmel hoch da komm ich her, ich bring euch gute neue Mär, der guten Mär bring ich so viel, davon ich singn und sagen will.

*Af himnum ofan kem ég og flyt góðar fréttir, svo miklar að ég syng þær og segi.*

3. Quia respexit humilitatem ancillae suae: ecce enim ex hoc beatam me dicent  
Því að hann hefur litið til ambáttar sinnar í smæð hennar, *héðan af munu mig sæla segja*

4. omnes generationes,  
*allar kynslóðir*

5. quia fecit mihi magna qui potens est, et sanctum nomen ejus.  
Því að mikla hluti hefur hinn völdugi við mig gjört, og heilag er nafn hans.

B. Freut euch und jubiliert, zu Bethlehem gefunden wird das herzelebe Jesulein, das soll euer Freud und Wonne sein.

*Gleðjist og fagníð, í Betlehem mun elskulegt Jesúbarnið finnast, sem mun verða gleði ykkar og sæla.*

6. Et misericordia ejus a progenie in progenies timentibus eum.  
*Miskunn hans við þá, er óttast hann, varir frá kyni til kyns.*

7. Fecit potentiam in brachio suo, dispersit superbos mente cordis sui.  
*Máttarverk hefur hann unnið með armi sínum og drembilátum í hug og hjarta hefur hann tvístrað.*

C. Gloria in excelsis Deo! Et in terra pax hominibus bona voluntas.  
*Dýrð sé Guði í upphæðum! Og friður á jörðu með þeim mönnum sem hann hefur velþóknun á.*

8. Deposuit potentes de sede, et exaltavit humiles.  
*Valdhöfum hefur hann steipt af stóli, og upphafið smælingja.*

9. Esurientes implevit bonis, et divites dimisit inanes.  
*Hungraða hefur hann fyllt gæðum en látið ríka tómhenta frá sér fara.*

D. Virga Jesse floruit, Emanuel noster apparuit induit carnem hominis, fit puer delectabilis.  
Alleluja.  
*Jesse-jurtin blómgastr, Immanuel okkar birtist í mannsliki, sem heillandi drengur. Haleluja.*

10. Suscepit Israel puerum suum, recordatus misericordiae suae.  
*Hann hefur hjálpað Ísrael, þjóni sínum, að minnast miskunnar sinnar.*

11. Sicut locutus est ad patres nostros, Abraham et semini ejus in saecula.  
*Eins og hann talaði til fedra vorra, við Abraham og niðja hans ævinlega.*

12. Gloria Patri et Filio et Spiritui Sancto, sicut erat in principio et nunc et in saecula saeculorum.  
Amen.  
*Dýrð sé föður, syni og heilögum anda, sem í upphafi var, er og verður að eilífu.  
Amen.*



**Heiðís Hanna Sigurðardóttir** hóf söngnám hjá Guðrúnu Jóhönnu Jónsdóttur í Tónlistarskóla Garðabæjar. Að framhaldsprófi loknu hélt hún til Þýskalands og stundaði söngnám við Tónlistarháskólann í Freiburg hjá Prof. Angela Nick í þrjú ár. Hún skipti svo yfir í Listaháskóla Íslands og lauk síðasta árinu í bakkalárnáminu hjá Þóru Einarsdóttur, Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og Kristni Sigmundssyni. Í framhaldi af því stundaði hún nám við sama skóla í frumkvöðlastarfi, sköpun og miðlun eða NAIP (New Audiences and Innovative Practice) með söng sem aðalfag og lauk meistaraþrófi þaðan 2018. Heiðís Hanna sigraði í keppninni Ungir einleikarar og kom fram sem einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikunum Ungir einleikarar í janúar 2016. Sama ár þreytti hún frumraun sína á óperusviðinu í uppfærslu Íslensku óperunnar á Don Giovanni eftir Mozart. Á árunum 2015-2017 kom hún reglulega fram á tónleikum í tónleikaröðinni Perlur íslenskra sönglaga í Hörpu. Heiðís Hanna hefur einnig starfað með rafþonkhljómsveitinni HATARI.



**Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir** lauk burtfararþrófi í söng frá söngskóla Sigurðar Demetz. Síðan þá hefur hún verið í söngtímum m.a. hjá Laufeyju Helgu Geirsdóttur, Jóni Þorsteinsyni og æfir tónlist undir handleiðslu Gerrit Schuil píanóleikara og raddþjálfara. Ragnhildur hefur sungið við ýmiss tækifæri og haldið reglulega tónleika m.a. hélt hún tónleika í Háteigskirkju og Salnum í

Kópavogi þar sem hún flutti ásamt hljómsveit lög sem móðir hennar, Adda Örnólfs, gerði fræg og nú síðast hélt hún einsöngstónleika með Gerrit Schuil í Setljarnarneskirkju. Ragnhildur syngur með Kammerkór Seltjarnarneskirkju og hefur oft sungið einsöng á hans vegum.




**Þóra Hermansdóttir Passauer**, kontra-alt hóf söngnám við Söngskólann í Reykjavík undir leiðsögn Valgerðar J. Gunnarsdóttur og Guðmundar Jónssonar, en lauk síðan burtfararþrófi í klassískum söng frá FÍH árið 2000, undir leiðsögn Bjarkar Jónsdóttur og Jóhönnu Linnet. Þóra hefur sótt einkatíma hjá Jóni Þorsteinssyni, Kristjáni Jóhannssyni og Elsu Waage auk þess að sækja masterclass námskeið hjá Sólrúnu Bragadóttur, Jóni Þorsteinssyni, Lauru Sarti og Gitte-Marie Sjöberg. Á verkefnalista ber helst að nefna, „Stabat Mater“ eftir Pergolesi, „Kindertotenlieder“ eftir Mahler auk þess að hafa unnið að nokkrum ljóðatónleikum með verkum eftir Brahms. Þóra hefur komið fram sem einsöngvari með kórum og er meðlimur Kammerkórs Seltjarnarneskirkju.



**Þorsteinn Freyr Sigurðsson** hóf söngnám árið 2005 hjá Elísabetu Erlingsdóttur við Tónlistarskólann í Reykjavík. Frá 2007 til 2010 hélt hann námi sínu áfram með Elísabetu en í þetta sinn við Listaháskóla Íslands þar sem hann lauk Bachelor gráðu. Hann lauk mastersgráðu í söng árið 2013 við Hanns Eisler í Berlín undir handleiðslu Prof. Scot Weir



og eftir útskrift með Prof. Janet Williams. Á árunum 2014-2017 starfaði Þorsteinn við Óperuhúsið Theater Ulm í Suður-Þýskalandi. Þar söng hann fjölmörg hlutverk m.a. í óperunum Die lustige Witwe eftir Lehár, Il ritorno d'Ulisse in patria eftir Monteverdi, Così fan tutte eftir Mozart, Peter Grimes eftir Britten, Don Giovanni eftir Mozart, Manon Lescaut eftir Puccini og L'elisir d'Amore eftir Donizetti. Þorsteinn hefur einnig komið fram á ljóðatónleikum í Þýskalandi og á Íslandi. Þorsteinn söng hlutverk Spoletta í uppfærslu Tosca í íslensku óperunni haustið 2017. Þorsteinn býr nú á Íslandi og starfar við söng, auk þess sem hann kennir söng og stjórnar barnakór Seltjarnarneskirkju.



**Marteinn Snævarr Sigurðsson** hóf söngnám árið 2011 hjá Má Magnússyni og svo seinna hjá Bergþóri Pálssyni. Síðan þá hefur hann tekið þátt í ýmsum tónleikum og öðrum söngviðburðum á Íslandi og erlendis. Marteinn hefur verið í fjölda kirkju- og atvinnukórum síðustu ár og þar má nefna Schola Cantorum, Barbörunum í Hafnarfirði og Kordíu. Frá árinu 2014 hefur Marteinn sungið í hundruðum útfara sem einsöngvari og sem kórmeðlimur í ýmsum hópum.



**Árni Gunnarsson** stundaði söngnám í fjögur ár í Tónskóla FÍH hjá Jóhönnu Linnet, síðan í Nýja Tónlistarskólanum hjá Sigurði Bragasyni, og þaðan lauk hann námi með 8. stigs prófi árið 2007. Árni tók þátt í masterclass fyrir unga einsöngvara í Brussel í Belgíu, starfað sem einsöngvari hjá Grindavíkurbæ hjá dr. Guðmundi Emilssyni árið 2002, hefur sungið hlutverk í óperum, s.s Orfeo eftir Monteverdi, Krýningu Poppeu eftir Monteverdi, og Sígaunabaróninum eftir Johann Strauss. Einnig hefur Árni sungið einsöng við margs konar athafnir, s.s jarðarfari, brúðkaup og messur með Kammerkór Seltjarneskirkju og Kammerkór Reykjavíkur.



**Kammerkór Seltjarnarneskirkju** var stofnaður árið 1994 af þáverandi organista kirkjunnar, Vieru Mansek. Kórinn syngur reglulega við kirkjulegar athafnir en auk þess heldur hann tónleika að jafnaði tvisvar sinnum á ári. Meðal verka sem kórinn hefur flutt á undanförunum árum má nefna Missa Brevis eftir Jakob de Haan, Beatus vir eftir Monteverdi, Magnificat og Beatur vir eftir Vivaldi, kantötur eftir Bach, Magnificat op. 69 eftir Mendelssohn, Missa Pastoralis eftir Brixit, Salve Regina og Ave Maria eftir Egil Gunnarsson. Einsöngvarar í þessum verkum koma yfirleitt úr röðum kórfélaga enda eiga margir þeirra að baki margra ára nám í söng.



**Friðrik Vignir Stefánsson** er organisti og tónlistarstjóri Seltjarnarneskirkju. Hann var fæddur og uppalinn á Akranesi og lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum þar. Hann lauk kantors- og einleikaraprófi í orgelleik frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar þar sem kennarar hans voru m.a. Haukur Guðlaugsson, Fríða Lárusdóttir og Hörður Áskelsson. Á árunum 1988-2005 var Friðrik organisti og kórstjóri við

Grundarfjarðarkirkju sem og skólastjóri Tónlistarskóla Grundarfjarðar. Veturinn 2005-2006 sótti Friðrik nám í Danmörku í orgelleik og kórstjórn. Hann var fyrsti organisti Hjallasóknar í Kópavogi. Haustið 2007 hóf hann störf við Seltjarnarneskirkju sem tónlistarstjóri og stjórnandi Kammerkórs Seltjarnarneskirkju. Síðustu árin hefur hann haldið fjölda orgeltónleika, bæði hérlendis og erlendis, auk þess að sækja námskeið víða um lönd.





**Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** var stofnuð haustið 1990 og hefur starfað óslitið síðan. Í hljómsveitinni leika hljóðfæraleikarar sem flestir hafa atvinnu af öðru. Hún er einnig vettvangur nemenda og tónlistarkennara til að iðka tónlist. Hljómsveitina skipa að jafnaði 40-60 manns, en miklu fleiri hafa leikið með henni í lengri eða skemmri tíma. Starfið er ólaunað. Frumflutningur íslenskra verka hefur verið mikilvægur þáttur í starfi hljómsveitarinnar. Verk hafa verið samin fyrir hana, stundum að hennar frumkvæði. Fjöldi þek ktra, íslenskra einleikara og einsöngvara hefur komið fram með hljómsveitinni og hún hefur átt samstarf við marga kóra. Sveitin heldur 5-7 tónleika á ári, en auk þess kemur hljómsveitin fram við ýmis tækifæri. Aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi hin síðari ár er Oliver Kentish. Hljómsveitin hefur oft áður átt samvinnu við Kammerkór Seltjarnarneskirkju enda eru báðir hóparnir til heimilis í Seltjarnarneskirkju og hæg heimatökin.



**Oliver Kentish** er Lundúnabúi að uppruna en fluttist til Íslands árið 1977 til þess að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann hefur tekið virkan þátt í tónlistarlífinu hér á landi, sem hljóðfærleikari, kennari, stjórnandi og tónskáld. Oliver kenndi í átta ár við Tónlistarskólann á Akureyri og var einn af stjórnendum hljómsveitar skólans. Hann kenndi í Tón-

listarskóla Hafnarfjarðar þar sem hann stofnaði Kammersveit skólans 1992. Oliver er afkastamikill tónskáld og hefur unnið til verðlauna fyrir tónsmíðar sínar. Hann er félagi í Tónskáldafélagi Íslands og á hjá Íslensku tónverkamiðstöðinni yfir 200 tónverk. Hann hefur þrívægis verið staðartónskáld á Sumartónleikum í Skálholti þar sem verk hans voru frumflutt. Oliver kennir í Nýja Tónlistarskólunum í Reykjavík.

---

## Kammerkór Seltjarnarneskirkju er þannig skipaður:

### Sópran

Ásta Marý Stefánsdóttir  
Birna Rúnarsdóttir  
Halldóra Eyjólfsdóttir  
Guðrún Lóa Jónsdóttir  
Heiðís Hanna Sigurðardóttir  
Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir  
Salka Rún Sigurðardóttir

### Alt

Anna Hafberg  
Eygló Rúnarsdóttir  
Freydís Þrastardóttir  
Ólöf Ingólfssdóttir  
Ólöf Guðrún Sigurðardóttir  
Þóra H. Passauer

### Tenór

Ari Páll Kristinsson  
Marteinn Snævarr Sigurðsson  
Ólafur Guðmundsson  
Sigurður Vignir Jóhannsson  
Þorsteinn Freyr Sigurðsson

### Bassi

Árni Gunnarsson  
Björn Jónsson  
Gautur Gunnlaugsson  
Olgeir Helgason  
Þorsteinn Þorsteinsson  
Þórir Már Einarsson

---

---

## Að þessu sinni er hljómsveitin þannig skipuð:

**Konsertmeistari:** Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

### 1. fiðla

Helga Ragnheiður Óskarsdóttir  
Jónína Þ. Thorarensen  
Ásta Rakel Viðarsdóttir  
Jelena Kuzminova  
Anna von Heynitz  
Elísabet Vala Guðmundsdóttir  
Guðmundur Pálsson

### 2. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir  
Drífa Örvarsdóttir  
Hólmfríður Þorvaldsdóttir  
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir  
Rannveig Anna Guðmundsdóttir  
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir  
Jóna Sigurlína Pálmadóttir  
Lorenzo Imola

### Víóla

Elín Björk Jónasdóttir  
Finnur Jónsson  
Páll Ingvarsson

### Selló

Páll Einarsson  
Sverrir Teitsson  
Anna Jórunn Stefánsdóttir  
Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir

### Bassi

Jón Hörður Jónsson  
Jóhannes Georgsson

### Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir  
Bolli Þórsson

### Óbó

Sverrir Guðmundsson  
Guðrún Másdóttir

### Trompet

Steinar Matthías Kristinsson  
Jóhann Stefánsson  
Jón Hafsteinn Guðmundsson

### Horn

Torfi Þór Gunnarsson  
Þórunn Eir Pétursdóttir

### Pákur

Frank Aarnink

### Semball og orgel

Lára Bryndís Eggertsdóttir

---

---

Hljómsveit og kór þakka Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning.

Sveitin nýtur styrks Menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur 2019.

---



Reykjavíkurborg



SELTJARNARNESBÆR

 Guðjón Ó  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN  
www.gudjono.is - Sími 511 1234

